

## **Fundargerð samstarfshóps um verkefnið**

### **Verndarsvæði í byggð – Flatey**

#### **Fyrsti fundur samstarfshópsins**

**haldinn í Flatey sunnudaginn 23. júlí 2017 kl. 15-16**

**Mætt: Áslaug Berta Guttormsdóttir formaður, Karl Kristjánsson, Gyða Steinsdóttir og Valdimar Valdimarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri.**

**Sérstakur gestur á fundinum Guðný Gerður Gunnarsdóttir.**

1. Farið var yfir erindisbréf samstarfshópsins, engar athugasemdir gerðar. Samþykkt samhljóða.
2. Kosning varaformanns og ritara. Karl Kristjánsson kosinn varaformaður og Gyða Steinsdóttir ritari. Samþykkt samhljóða.
3. Verkefnið rætt, svo og funda- og tímaáætlun. Guðný Gerður Gunnarsdóttir minjavörður hjá Minjastofnun var boðuð til fundarins og beðin um að reifa vinnuferlið, tímaáætlun og segja frá vinnu við sambærileg verkefni. Guðný upplýsti að með þessum fyrsta fundi væri formleg vinna verkefnisins hafin og samningur þar að lútandi hefur verið undirritaður. Jafnframt sagði hún að á þessu stigi væri mikilvægt að setja sér verk- og tímaáætlun og ráða verkefnastjóra, t.d. fá ráðgjafarfyrirtæki til að vinna verkið fyrir hönd Reykhólahrepps. Kostnað má mögulega flytja á milli liða að einhverju leyti en leitast við að fylgja fjárhagsramma styrkveitingar. Þá upplýsti Guðný fundarmenn um ný lög um varðveislumat húsa sem varða friðuð og friðlýst hús. Taka verði tillit til þessara laga við uppfærslu húsakönnunar í Flatey. Guðný mælti með að leitað yrði til Guðmundar Lúthers Hafsteinssonar, starfsmanns Þjóðminjasafnsins, um uppfærslu á húsakönnuninni en hann vann hana á sínum tíma og væri því öllum hnútum kunnugur. Fornleifaskráningin sem unnin var á sl. ári, þ.e. 2016, af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands, þeim Birnu Lárusdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, uppfyllir kröfur verkefnisins og þarf ekki að uppfæra frekar. Guðný Gerður upplýsti að halda yrði íbúafund/íbúafundi, kynningar, senda kynningarbréf og birta

verkefnið sem víðast, t.d. á heimasíðum Reykhólahrepps og FFF. Að lokum leggur sveitarstjórn tillöguna fram til auglýsingar í 6 vikur og að þeim loknum samþykkir hún tillöguna sem þá er lögfest.

4. Uppástungur að ráðgjafarfyrirtæki. Samþykkt að leita til ráðgjafarfyrirtækisins Alta til að stýra og vinna verkefnið fyrir hönd Reykhólahrepps. Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur sveitarstjóra falið að leita samninga við Alta.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.00.

Áslaug Berta Guttormsdóttir  
formaður samstarfshóps um Verndarsvæði í byggð - Flatey